

Nd.

686. Nefndarálit

[47. mál]

um frv. til l. um breyt. á barnalögum, nr. 9 frá 15. apríl 1981.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt, svo og breytingartil-laga við það á þskj. 89.

Í 17. og 19. gr. barnalaga, sem samþykkt voru á Alþingi 1. apríl 1981, voru sett ákvæði um framlag frá meðlagsskyldum aðila til menntunar og starfsþjálfunar barns frá 18 ára aldri, er meðlagsskyldu lýkur, til tvítugs og jafnframt um framlög vegna sérstakra útgjalda, svo sem vegna skírnar barns, fermingar, vegna sjúkdóms eða greftrunar o. fl. Bæði eru þessi ákvæði heimildir sem úrskurð valdsmanns þarf til að séu nýttar.

Við setningu laganna var ekki hugað að því að tryggja sambærilegan rétt í þeim tilvikum þegar framfærsluskyldur aðili er látinn eða er af öðrum ástæðum ófær um að taka á sig slíkar greiðslur og Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri í stað meðlags. Frumvarpið er flutt til þess að leiðrétta þessa vangá.

Breytingartillaga sú, sem er á þskj. 89, er til þess flutt að þau önnur börn, sem ekki njóta þessa sama réttar skv. barnalögum, öðlist hann einnig, en það eru börn öryrkja og ellilífeyrisþega sem ekki hafa annan framfærslulífeyri en bætur almannatrygginga. Einnig þar er gert ráð fyrir úrskurði valdsmanna.

Í 71. gr. stjórnarskrár segir svo:

„Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða séu börnin munaðarlaus og öreigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé.“

Löggjafanum ber að fylgja eftir ákvæðum stjórnarskrárinnar með setningu laga í anda hennar. Hafi löggjafanum yfirsést í því efni er siðferðileg skylda hans að leiðrétta það. Frumvarp það, sem hér er fjallað um, er flutt til þess að leiðrétta ágalla barnalaga er varða nokkurn hóp ungmenna í landinu, og því er eðlileg og sjálfsögð skylda Alþingis að samþykkja frumvarpið.

Hagsmunasamtök þeirra einstaklinga, sem hér um ræðir, Félag einstæðra foreldra og þing Sjálfsbjargar 1984, hafa skorað á Alþingi að veita frumvarpinu brautargengi. Minni hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið, ásamt breytingartillögu á þingskjali 89, verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1985.

Guðrún Helgadóttir,
fundaskr., frsm.

Guðmundur Einarsson.